

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Sýslumannstúni á Selfossi.

Í samræmi við skipulags og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 15. desember 2003 tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðirnar Grænamörk 2 og 2a, og Austurvegur 39–41 á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 22. maí 2003 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 19. september 2003 til og með 17. október 2003 með athugasemdafresti til og með 31. október 2003.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillöguna hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 6. desember 2004.

Grétar Zóphaníasson, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.

AUGLÝSING

um deiliskipulag nýrrar íbúðabyggðar í Hvolstúni, Hvolsvelli.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög númer 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra þann 25. nóvember sl. nýtt deiliskipulag íbúðabyggðar við Hvolstún og Nýbýlaveg á Hvolsvelli.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 3. desember 2004.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Rúnar Guðmundsson byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um yfirlit vaxta fyrir árið 2004.

Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, birtir Seðlabanki Íslands hér með töflu er sýnir vexti samkvæmt þessari málsgrein á hverjum tíma, tímabilið janúar til desember 2004, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.

Reykjavík, 13. desember 2004.

Seðlabanki Íslands,

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

Sveinn E. Sigurðsson
framkvæmdastjóri.